



Akraneskaupstaður  
bt. bæjarráðs  
Stilholti 16-18  
300 Akranes

Akranesi, 25. júlí 2017  
1705090 SPH/hs

**Efni: Deilisk. Golfvöllur - félags- og frístundaaðstaða við Garðavöll**

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 24. júlí sl., var fjallað um grenndarkynningu vegna húss fyrir félags- og frístundaaðstöðu við Garðavöll 1.

*Bókun skipulags- og umhverfisráðs.*

Grenndarkynningin fór fram frá og með 2. júní til og með 2. júlí 2017.

Engar athugasemdir bárust.

Breytingin felst í því að nýtingarhlutfall lóðarinnar við Garðalund 1 breytist úr 0.3 í 0.42 vegna fyrirhugaðar byggingar frístundahúss.

Sú breyting varð hinsvegar á grenndarkynningartímabili að aukning varð í fermetrafjölda hússins. Um er að ræða að þakrými sem fyrir var á teikningum verði nýtt undir tæknirými um 38,5 fermetrar. Ennfremur er smávægileg aukning á fermetrum vegna stækkunar húss þ.e. 8 fermetrar.

Nýtingarhlutfall lóðar verður 0,46.



## Akraneskaupstaður

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja breytingu deiliskipulagsins með áorðnum breytingum á grenndarkynningartímabili skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

Breytingin verði send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Sigurður Páll Harðarson

sviðsstjóri

Meðf.: Deiliskipulagsbreyting  
Afrit: Gofklúbbsins Leynis